



Sigurður Valur Ásbjarnarson, byggingarfulltrúi  
Bæjarskrifstofur Seltjarnarness  
Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnes

### ***Fyrirspurn Seltjarnarnesbæjar um samgöngur um vesturhluta Reykjavíkur***

Þann 26. júlí 2019 barst samgöngustjóra tölvupóstur frá byggingarfulltrúa Seltjarnarness vegna umræðu í skipulags- og umferðarnefnd Seltjarnarness um umferð um Geirsgötu á fundi 3. júlí. Byggingarfulltrúa var falið að fylgja málinu eftir. Samgöngustjóri svaraði tölvupóstinum samdægurs, lagði til að aðilar myndu funda um málið 9. eða 13. ágúst.

Fimmtudaginn 21. nóvember 2019 sendi byggingarfulltrúi Seltjarnarness tölvupóst á sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs og þjónustunetfang skipulagsfulltrúa þar sem óskað er eftir formlegum svörum Reykjavíkurborgar við neðangreindum málum sem ræða átti í skipulags- og umferðarnefnd Seltjarnarnesbæjar mánudaginn 25. nóvember og í bæjarstjórn í framhaldinu. Ekki var hægt að svara erindinu með svo stuttum fyrirvara.

Að neðan er leitast við að svara þeim spurningum sem fram koma í tölvupóstinum frá 21. nóvember.

#### **1. Slysagildra við Birkimel sem veldur stíflu inn á Hringbraut.**

*Hér er um að ræða stöðvun bifreiða á hringtorgi, stöðvun strætisvagna á miðri götu víðs vegar um borgina sem getur valdið hættu og auk þess skapað umferðartafir.*

Göngu- og hjólastígur var lagður við Birkimel, vestan megin götunnar, árið 2018. Upphaf framkvæmdarinnar má rekja til hugmynda og kosningu íbúa í íbúalýðræðisverkefninu Hverfið mitt. Samhliða framkvæmdum við göngu- og hjólastíg var hámarkshraði lækkaður úr 50 km/klst. í 30 km/klst. og gatan þrengd við biðstöðvar Strætó. Markmið hraðalækkunar og staðbundinna þrenginga á Birkimel og víðs vegar um borgina er að auka öryggi vegfarenda. Ekki er tekið undir að slysagildra sé við Birkimel en tekið er undir að framkvæmdir sem eiga að auka öryggi allra vegfarenda geta skapað staðbundnar tafir á bílaumferð.

Strætisvagnar hafa stöðvað í Hagatorgi um árabil. Sumarið 2019 var akbrautin í torginu mjókkuð. Það var gert til að bæta öryggi gangandi vegfarenda sem þvera torgið en þarna hafa nú verið samþykktar og gerðar gangbrautir (í samræmi við 1. mgr. 84. gr núgildandi umferðarlaga). Fram að því var hægt að aka framhjá strætó sem stöðvaði.

Farið var í þá aðgerð að bæta göngutengingar yfir torgið að ósk íbúa í gegnum verkefnið Hverfið mitt, en mikið er gengið yfir torgið. Lengi hafa verið í þróun hugmyndir um að bæta aðgengi og nýtingu torgsins fyrir íbúa. Hámarkshraði á Hagatorgi er 30 km/klst og ætla má að umferð þar sem biðstöðin er sé á bilinu 3 til 5 þúsund ökutæki á sólarhring.

Í samráði og með samþykki lögreglunnar hefur biðstöðin á Hagatorgi verið samþykkt og auglýst í stjórnartíðindum (í samræmi við 1. mgr. 84. gr núgildandi umferðarlaga). Það að strætó stöðvi við biðstöðina veldur ekki hættu og þær tafir sem verða fyrir almenna umferð eru litlar að mati Reykjavíkurborgar. Í dag gengur ein leið Strætó um torgið, leið 11. Samkvæmt tillögum Strætó að nýju leiðaneti verða það tvær leiðir.

Staðsetning biðstöðvarinnar á Hagatorgi er ákjósanleg m.t.t. áfangastaða í nágrenninu svo sem Hótel Sögu, Háskólabíós, Hagaskóla og Háskóla Íslands. Auk staðsetningar m.t.t. áfangastaða er við mat á staðsetningu biðstöðva strætisvagna horft til umferðaröryggis og góðra tenginga við göngu- og hjólastígakerfið. Útfærsla biðstöðva strætó tekur mið aðstæðum hverju sinni. Miðað er við að þar sem umferð er minni en 10 þúsund ökutæki á dag og hámarkshraði 50 km/klst eða lægri stöðvi strætó í götunni (ekki í útskoti). Undantekning er þar sem margar leiðir stöðva eða innstig/útsstig farþega eru mjög mörg. Þetta er til að skapa góðar aðstæður fyrir almenningssamgöngur og öruggar og aðlaðandi biðstöðvar fyrir farþega.

## **2. Ljósstýring við Geirsgötu.**

*Bæjarstjórn Seltjarnarness óskar eftir formlegum svörum frá Reykjavíkurborg, vegna knapps tíma græns beygjuljóss á gatnamótum Geirsgötu og Lækjargötu sem margir Seltirningar nýta sér á leið í og úr vinnu daglega.*

*Bæjarstjóri Seltjarnarness mun einnig taka málið upp við borgarstjóra til frekari umræðu.*

Lotutími fyrir umferðarljósin á gatnamótum Geirsgötu/Kalkofnsveg/Lækjargötu er 90 sekúndur á annatímum. Það þýðir að allir umferðarstraumar, bæði ökutækja og óvarinna vegfarenda, þurfa að deila þessum 90 sekúndum á milli sín á þremur fösom. Á gatnamótunum, líkt og á gatnamótum Lækjargötu við Hverfisgötu og Bankastræti, er mikið um óvarða vegfarendur og því sérstakur fasi í 18 sek. fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur, þ.e. allir straumar gangandi/hjólandi um gatnamótin frá grænt ljós á sama tíma og 7 sek. í rýmingartíma. Um 65 sek. af lotutíma sem eftir stendur er svo deilt á tvo fasa eingöngu fyrir bílaumferð. Hluti lotutíma er kallaður öryggistími, þar sem rautt er á alla vegfarendur til að rýma gatnamót örugglega þegar skipt er á milli fasanna þriggja.

Leitast er við að endurskoða ljósastryringar (fasaplön) reglulega til að mæta breyttum aðstæðum í magni umferðar akandi, gangandi og hjólandi. Við yfirferð fasaplana á umræddum gatnamótum haustið 2019 var mesti mögulegur grænn tími fyrir umferðarstrauminn af Geirsgötu og á Kalkofnsveg/Lækjargötu aukinn í 35 sek. og í 32 sek. af Kalkofnsvegi á Geirsgötu. Lágmarkstími er 26 sek. annars vegar og 23 sek. hins vegar. Radarskynjarar við gatnamótin framlengja grænan tíma á mismunandi strauma bílaumferðar í samræmi við lengd biðraða hverju sinni.

Á þessum gatnamótum og víðar um borgina eru forgangsstryringar fyrir neyðarumferð og almenningssamgöngur. Almenn t virka þær þannig að þegar ökutæki frá slökkviliði höfuðborgarsvæðisins og Strætó nálgast gatnamótin, fara boð frá ökutækinu í stýrikassa og beiðni um grænt ljós á viðkomandi umferðarstraum. Græna ljósið framlengist því þar til neyðarbíll eða strætó er kominn yfir gatnamótin eða að umferðarljósin skipta fyrir í grænt fyrir neyðarbíla (ekki strætó) en ella (háð því hver staða ljósanna er þegar kall frá forgangsökutæki kemur). En í báðum tilfellum fá aðrir umferðarstraumar styttri grænan tíma en venjulega, sem leiðréttist í næstu lotum á eftir til að jafna flæðið. Þannig getur það komið upp að almennir ökumenn upplifi óvenju stuttan grænan tíma eða óvenju langan grænan tíma.

Frekari upplýsingar um stýringu umferðarljósa er að finna á heimasíðu borgarinnar:

<https://reykjavik.is/thjonusta/midlaeg-styring-umferdarljosa>

### **3. Samkomulag frá 12. desember 2013.**

*Til upprifjunar þá er vísað í 1. tölulið samkomulags frá 12. des. 2013 sem er í raun tvíþættur:  
Skuldbinding borgarinnar um:*

*· að fækka ekki akreinum á stofnbrautum.*

*· að bregðast "við þéttingu byggðar með betri samgönguæðum eftir því sem reynslan kann að kalla eftir.*

*Það má því ætla að þrengingar á Birkimel og ráðgerðar þrengingar á Hagatorgi gangi gegn samkomulaginu.*

- Rétt er einnig að benda á að nú þegar eru risin ný fjölbýlishús við Eiðsgranda sem munu auka umferðarþunga og hið sama má segja um hótélbyggingu sem er að fara af stað á Héðinsreit. Ætla má að framkvæmdir þessar muni hafa mikil áhrif á umferð á samgönguæðum til og frá Seltjarnarnesi.*
- Það gengur og þvert á þessa þróun að ætla að torvelda umferð um Hagatorg.*

*Við undirbúning umræddra skipulagsbreytinga hafa bæjaryfirvöld á Seltjarnarnesi ítrekað komið fram með áhyggjur af þróun samgöngumála á vesturhluta höfuðborgarsvæðisins til framtíðar litið og lagt áherslu á að tryggð verði greið og örugg umferð bifreiða um borgarhlutana, enda á það að vera sameiginlegt markmið bæjarfélaganna í þágu íbúa á þessum svæðum.*

Þrengingar við göngubrúveranir og stoppistöðvar strætisvagna á Birkimel og Hagatorgi til að auka öryggi þeirra sem þar fara um ganga að mati Reykjavíkurborgar ekki gegn samkomulagi frá 2013 um að fækka ekki akreinum á stofnbrautum. Umræddar götur eru hvorki stofnbrautir né tengibrautir skv. skipulagi. Að mati borgarinnar mun ekki koma til álita að fjölga akreinum fyrir bílaumferð á Birkimel og Hagatorgi ef leggja á þann skilning í fyrirspurn Seltjarnarnesbæjar. Göturnar eru að mati borgarinnar betri samgönguæðar eftir breytingar en fyrir.

Þorsteinn R. Hermannsson  
Samgöngustjóri